

✉ Re: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna undanþágu frá friðlýsingarskilmálum

Búið til	13.5.2022 12:24:30
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	13.5.2022 12:24:29
Tilheyrir	 202205-0004 - Beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna undanþágu frá friðlýsingarskilmálum

Efni

Re: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna undanþágu frá friðlýsingarskilmálum
--

Upplýsingar		Vinnsla	
Sent	13.5.2022 12:24:29	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Komdu sæl, Tilvísun í mál nr. 202205-0004 (SS). Vísað er í tölvupóst frá Umhverfisstofnun, dags. 3. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um beiðni Garðabæjar um að fá undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gálgahrauns og leyfi til að fækka sílamáf á svæðinu með því að stinga á egg til að draga úr varpárangri. Ástæðan er ónæði frá sílamáfum í íbúabyggð í nágrenni Gálgahrauns. Nýlegar upplýsingar vantar um stofnstærð sílamáfs á helstu varpstöðvum á Suðvesturlandi og því erfitt að spá fyrir um hvaða áhrif staðbundnar aðgerðir myndu hafa. Náttúrufræðistofnun hefur því ekki mikla trú á að þessar áætluðu aðgerðir um að stinga á egg í hreiðrum í hluta Gálgahrauns muni skila árangri við að fækka sílamáfi við Arnarnesvog. Varpið í Gálgahrauni er einungis eitt af varpsvæðum sílamáfs á höfuðborgarsvæðinu og stærsta varpið er á Rosmhvalanesi þaðan sem fuglar ferðast vítt og breitt um sunnanverðan Faxaflóa. Því er ólíklegt að máfinum muni fækka við þessar staðbundnu aðgerðir því sílamáfar geta farið víða og geldfugl sérstaklega heldur sig ekki endilega næst varpstöðvum. Mögulegt er að aðgerðin geti skilað árangri við að tilfærsla verði á varpinu ef það er markmið, en væntanlega þyrfti að fylgja því eftir einhver ár fram í tímann.
--

Samneyti við villta náttúru er hluti af veruleika sem horfast þarf í augu við og því geta fylgt árekstrar og ónæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að sveitarfélög miðli upplýsingum til almennings um þetta, að þéttbýli útilokar ekki nánd við villt dýr og að sýna þurfi lífsbaráttu þeirra skilning. Til að draga úr ágangi sílamáfa næst híbýlum fólks má huga betur að frágangi úrgangs og meðhöndlun matvæla utandyra (t.d. á svölum og í gördum) því það er það sem laðar að sílamáfa og aðra fugla.

Náttúrufræðistofnun mælir því ekki með að undanþágan sé veitt.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir" <thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: beiðni um umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna undanþágu frá friðlýsingarskilmálum

Date: 3.5.2022 15:13:48

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Garðabæ sem áframsent var til stofnunarinar frá Umhverfis, orku og loftslagsráðuneytinu dags. 26. apríl 2022 um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gálgahrauns vegna umsóknar um leyfi til að fækka sílamáf á svæðinu.

Í samræmi við 1. mgr. 41 gr. Laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óskar Umhverfisstofnun hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn þessa. Gögn málsins er að finna í viðhengi.

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 13. maí 2022.

Bestu kveðjur, Best regards

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið náttúruverndar, Department for Nature Conservation

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)